

EFTIRLITSSKÝRSLA

Genís hf. Gránugata 15, 580 Siglufjörður



Dags eftirlits	22.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Genís hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Aðalgata 34,	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610205-0890	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Rúnar Gunnarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit hjá Genís, með leyfi fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar örverur. Eitt frávik kom fram í eftirliti er varðar tilkynningu til Umhverfisstofnunar um að starfsemi sé hætt tímabundið en það ber að gera með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Ein ábending var sett fram er varðar að leyfishafa ber að tilkynna til Umhverfisstofnunar þegar starfssemi með erfðabreyttar örverur hefst að nýju.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit hjá Genís með leyfi til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur í flokki I að Sæmundargötu 15-19 í Reykjavík.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafla 2 í leyfi)
- Innra eftirlit rekstraraðila (kafla 3 í leyfi)
- Skoðunarferð

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúa rekstraraðila, Rúnari Gunnarssyni. Farið var yfir leyfið þ.m.t. skráningu og meðhöndlun úrgangs, afmörkunarráðstafanir og vinnudagbækur og var verklag í samræmi við ákvæði leyfisins.

Kom í ljós að gleymst hafði að tilkynna til Umhverfisstofnunar að starfsemi með erfðabreyttar örverur var stöðvuð tímabundið á síðasta ári. Skv. gr. 1.4 í leyfi Genís kemur fram að tilkynna skuli Umhverfisstofnun ef starfsemi með erfðabreyttar örverur sé hætt tímabundið með a.m.k mánaðar fyrirvara.

Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um svæði þar sem unnið er með erfðabreyttar örverur sem og þar sem úrgangur er meðhöndlaður. Breytingar á húsnæði eru í gangi, svæðið sem vinna á með örverur ekki tilbúið.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 1.4 í leyfi Genís

Í leyfi Genís kemur fram að tilkynna þurfi Umhverfisstofnun ef starfsemi með erfðabreyttar örverur er hætt tímabundið með a.m.k eins mánaðar fyrirvara. Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um tímabundna stöðvun á síðasta ári.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun minnir á að leyfishafa ber að tilkynna til Umhverfisstofnunar þegar starfssemi með erfðabreyttar örverur hefst á ný.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.08.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

